

**11. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, fimmtudaginn 2. júlí 2015
og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður, Guðmundur Sæmundsson (GS) varamaður og Jón Örn Pálsson (JÖP) varamaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Fjarverandi eru Lilja Magnúsdóttir og Sigurvin Hreiðarsson, í þeirra stað Guðmundur J. Sæmundsson og Jón Örn Pálsson.

Varaformaður Aðalsteinn Magnússon tekur sæti formanns í hans fjarveru.

Dagskrá:

1. 1506050 - Umsókn um byggingarleyfi - Bugatún

Umsókn um byggingarleyfi fyrir tveimur parhúsum. Umsækjandi er Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður ehf. Sótt er um leyfi til byggingar á 275,2 m² parhúsi með bílskúrum að Bugatúni 16-18 og 275,2 m² parhúsi með bílskúrum að Bugatúni 13-15. Umsókninni fylgja uppdrættir unnir af Teiknistofu A.V.J., dags. 01.01.2015.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir útgáfu byggingarleyfis með fyrirvara um samþykki eldvarnaeftirlits og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis að því fengnu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:20.
